

Dómsorð:

Stefndi, h/f Eimskipafélag Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ólafs E. Einarssonar, í máli þessu og falli málskostnaður í því niður.

Föstudaginn 14. marz 1958.

Nr. 15/1958. **Ákærvaldið** (Magnús Thorlacius hrl.)
 gegn
Sverri Einarssyni (Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Áfengisлага- og bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur verið áfrýjað einungis að því er varðar ákærða, Sverri Einarsson.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Ákærði, Sverrir Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Ragnars Jónssonar, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. október 1957.

Ár 1957, laugardaginn 26. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5163-5164/1957: Ákærvaldið gegn Borgþóri Guðmundssyni og Sverri Einarssyni, sem dómtekið var 17. október s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 29. apríl s.l. gegn Borgþóri Guðmundssyni vélvirkjanema, Grundargerði 17, og Sverri Einarssyni rafvirkja, Bólstaðarhlíð 4, hér í bæ.

Gegn ákærða Borgþóri Guðmundssyni er málið höfðað fyrir að hafa laugardaginn 19. janúar s.l. ekið bifreiðinni R 5057 með áfengisáhrifum frá Selfossi að Bakkarholtsá í Ölfusi, þar sem hann ók hratt og ógætlega með þeim afleiðingum, að bifreiðin valt út í ána. Þá er málið og höfðað gegn þessum ákærða fyrir að neyta áfengis við greindan akstur. Brot hans teljast varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 um breyting á bifreiðalögum, svo og við 2. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Gegn ákærða Sverri Einarssyni er málið höfðað fyrir að hafa:

I. Veitt meðákærða Borgþóri áfengi við framangreindan akstur og fengið honum stjórn bifreiðarinnar og látið hann aka henni, þótt ákærði Borgþór væri með áfengisáhrifum. Brot þessi teljast varða við 3. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga og 1. mgr. i.f. 23. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga.

II. Laugardaginn 16. febrúar s.l. ölvaður ekið bifreiðinni R 5057 frá Nýju Blikksmiðjunni við Höfðatún hér í bæ að mótum Höfðatúns og Borgartúns, þar sem ákærði sýndi eigi næga aðgæzlu, með þeim afleiðingum, að hann ók bifreiðinni ofan í skurð. Teljast þessi brot ákærða Sverris varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga, 1. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 svo og við 2. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga.

Þess er krafizt, að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar, sviptingar bifreiðastjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga, svo og verði þeir dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Borgþór er fæddur 6. september 1934 í Reykjavík.

Sakavottorð hans er svohljóðandi:

- 1954 12/2 Reykjavík. Áminning fyrir brot á 209. gr. hegningarlaga.
 — 3/12 Reykjavík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. bifreiðalaga og 46. gr. lögreglusamþykktar.
 1955 6/4 Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktar.

Ákærði Sverrir er fæddur 3. október 1933 í Reykjavík. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

- 1948 13/9 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir bifreiðarakstur án réttinda og rangstefnuakstur.
 1954 23/9 Reykjavík. Dómur: 1200 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.
 1955 4/2 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. bifreiðalaga.
 1956 20/5 Reykjavík. Áminning fyrir ölvun.
 — 10/11 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.

Málavextir eru þessir:

I.

Laugardaginn 19. janúar s.l. kl. 18.00 kom Gísli Sigurtryggvason, Mávahlíð 46, hér í bæ, á bifreiðinni R 656 með tvo mjög drukknar menn og gegnvota til Stefáns J. Guðmundssonar, hreppstjóra í Hveragerði. Hafði Gísli verið á leið til Reykjavíkur frá Selfossi, er hann ók fram á jeppabifreiðina R 5057. Hafði Gísli svo ekið á eftir bifreiðinni, þar til henni var ekið út af veginum við brúna á Bakkarholtsá á Suðurlandsvegi með þeim afleiðingum, að henni hvolfdi. Kveðst Gísli hafa orðið að vaða út að bifreiðinni og draga mennina, er voru holdvotir, út úr henni. Menn þessir voru þeir ákærðu Borgþór Guðmundsson og Sverrir Einarsson. Skildist Stefáni hreppstjóra á samtölum þeirra, að jeppinn, sem þeir höfðu verið í, R 5057, væri á vegum ákærða Sverris, en ákærði Borgþór hefði ekið. Þar sem mennirnir voru örur og æstir, kvaðst hreppstjóri ekki hafa séð ástæðu til að taka af þeim skýrslu og láta þá fara til læknis til blóðrannsóknar. Jón Sigurðsson, bifreiðaeftirlitsmaður í Árnessýslu, athugaði bifreiðina R 5057, þar sem hún lá á hvolfi í ánni. Sást, að stýrisútbúnaður hennar var í lagi, en um önnur stjórnþæki var ekki hægt að segja við þær aðstæður, er þarna voru. Að sögn Jóns Sigurðssonar var vegurinn snjólaus. Eljaveður hefði verið um kvöldið, en bjart á milli.

Samkvæmt uppdrætti af staðnum hefur bifreiðin R 5057 farið út af veginum hægra megin, miðað við stefnu hennar, og stendur hún hvolfi um það bil í miðri ánni og snýr með framendann að veginum. Hjólför eru sýnd á hægri vegjaðri við brúna, þar sem bifreiðin fór út af veginum.

Ákærði Borgþór hefur skýrt svo frá málsatvikum, að hann hafi laugardaginn 19. janúar s.l. farið austur á Selfoss á bifreiðinni R 5057 með ákærða Sverri. Kvaðst ákærði Borgþór hafa ekið bifreiðinni. Ákærði kvað ákærða Sverri hafa tekið að neyta af ákavítisflösku, sem hann hafði meðferðis, áður en lagt var af stað og á leiðinni austur var hann að drekka af flöskunni. Er á Selfoss kom, tók ákærði að neyta af flöskunni hjá ákærða Sverri, er þá var kominn talsvert undir áhrif áfengis. Drakk ákærði tvo til þrjá sopa af flöskunni í bifreiðinni. Ákærði komst undir áhrif áfengis af drykkjunni og var með áhrifum áfengis við aksturinn. Ákærði lagði af stað einhvern tíma um kvöldið áleiðis til Reykjavíkur. Á leiðinni frá Selfossi þangað, sem slysið varð, drakk ákærði 1—2 sopa af flöskunni hjá ákærða Sverri. Ákærði ætlar, að hann hafi ekið með 30—35 mílna hraða. Ákærði kvað sig minna, að aflíðandi beygja hafi verið að brú þeirri, sem slysið varð við. Er hann ætlaði inn á brúna, tókst svo til, að vinstra framhjól bifreiðarinnar lenti á brúarhandriðinu vinstra megin, sem er lágt, bogadregið og úr steinsteypu. Hjólið lenti upp á endanum á handriðinu, sem er lægst, þar sem inn á brúna er ekið. Við þetta kastadist bifreiðin upp að framan og valt hún yfir sig yfir á hægri hlið og út af veginum, ofan í ána. Ákærði kvaðst ekki geta gert sér ljóst, af hverju hann hafi ekið bifreiðinni á brúarhandriðið. Kvaðst hann hafa misst vald á bifreiðinni og slysið orðið af þeim sökum. Bifreiðin kom niður á þakið. Ákærði og ákærði Sverrir komust út úr bifreiðinni hjálparlaust. Náðu þeir í bifreið þarna, sem ók þeim að Hveragerði. Ákærði kvaðst ekki muna eftir því, hvort þeir ákærði Sverrir hafi neytt áfengis eftir slysið. Ákærði staðhæfir, að ákærði Sverrir hefði ekki ekið bifreiðinni í umrætt skipti.

Ákærði Sverrir hefur skýrt frá því, að hann hafi nokkru fyrir hádegi umræddan dag komið í Nýju Blikksmiðjuna við Höfðatún. Tók ákærði þar að neyta af ákavítisflösku, sem hann hafði meðferðis. Ákærði ætlaði austur fyrir fjall og fékk ákærða Borgþór til að aka fyrir sig. Ákærði kvaðst ekkert muna eftir sér vegna ölvunar frá því hann lagði af stað og þar til hann kom í Hveragerði eftir slysið. Kvaðst hann ekkert um mál þetta geta sagt.

Hann kveðst eiga vanda til að tapa minni, er hann er með áhrifum áfengis. Mikið tjón varð á bifreiðinni R 5057, að sögn ákærða.

Vitnið Gísli Sigurtryggvason bifreiðarstjóri, Mávahlíð 46, hér í bæ, hefur skýrt frá því, að það hafi umrætt kvöld verið á leið frá Selfossi til Reykjavíkur á bifreiðinni R 656. Er vitnið nálgæðist brúna á Bakkarholtsá, ók það fram á jeppabifreiðina R 5057 og ók vitnið nokkurn spöl á eftir henni. Bifreiðinni R 5057 var ekið mjög ógætlega, sitt á hvað til hægri og vinstri á veginum, og er hún kom að brú þeirri, er að framan greinir, var henni ekið út af veginum, hægra megin. Bifreiðin valt og kom niður í ána á þakið. Vitnið fór að svipast eftir mönnum þeim, sem voru í bifreiðinni. Hélt það út í ána að bifreiðinni og opnaði það hurð á henni. Voru mennirnir þá á fjórum fótum inni í bifreiðinni. Mennirnir voru mjög ölvaðir. Ekki höfðu þeir orð á því, hvor þeirra hefði ekið og kvaðst vitnið ekkert geta um það sagt. Vitnið vildi ekki fara með mennina strax til Reykjavíkur sakir ástands þeirra og fékk þá í hendur Stefáni J. Guðmundssyni, hreppstjóra í Hveragerði. Vitnið ók mönnunum til Reykjavíkur nokkru síðar frá Stefáni.

Ekki var tekið blóðsýnishorn úr ákærðu.

Ákærði Borgþór gaf síðar nánari skýringu á framburði sínum. Hann kvaðst hafa tekið að neyta áfengis á Selfossi í bifreiðinni í framangreint skipti, eins og áður greinir. Hafði ákærði Sverrir farið á brott úr bifreiðinni og ákærði drukkið af áfengi því, er hann hafði meðferðis á meðan. Um það leyti, sem þeir félagar fóru frá Selfossi, lagðist Sverrir til svefnis í bifreiðinni og hélt ákærði, að hann hefði verið sofandi, þar til bifreiðin fór út af veginum. Ákærði kvaðst efast um það, að ákærði Sverrir hafi vitað af því, að hann hafði neytt áfengis á Selfossi, áður en lagt var af stað þaðan.

Með játningu ákærða Þorbórs, sem studd er öðrum gögnum máls þessa, er að framan greinir, þá þykir nægilega sannað, að hann hafi ekið bifreiðinni R 5057 með áhrifum áfengis frá Selfossi að Bakkarholtsá í Ölfusi og enn fremur, að ákærði hafi neytt áfengis við aksturinn. Enn fremur þykir með framburði ákærða Borgþórs og framburði vitnisins Gísla Sigurtryggvasonar nægilega sannað, að ákærði Borgþór hafi ekið of hratt miðað við aðstæður og sýnt gáleysi í akstri með þeim afleiðingum, að hann ók út af veginum. Með þessu atferli sínu þykir ákærði hafa gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr.

23/1941 sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 um breytingu á bifreiðalögum svo og við 2. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Hefur ákærði þannig unnið til refsingar og enn fremur til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga.

Ákærði Sverrir kvaðst vera minnislaus um það, er gerðist í umrætt skipti, og með framburði ákærða Borþórs þykir ekki nægilega sannað, að hann hafi veitt ákærða Borgþóri áfengi við aksturinn í umrætt sinn. Ekki þykir heldur sannað samkvæmt því, sem ákærði Borgþór hefur síðar borið í máli þessu, að ákærða Sverri hafi verið ljóst, að ákærði Borgþór var með áhrifum áfengis, er hann hóf aksturinn frá Selfossi. Ber því að sýkna ákærða Sverri af þessum liðum ákæruskjals og þar með fyrir brot gegn 3. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga og 1. mgr. i.f. 23. gr., sbr. 1. mgr. 38. bifreiðalaga nr. 23/1941.

II.

Laugardaginn 16. febrúar s.l., kl. 19.35, var lögreglunni hér í bæ tilkynnt, að bifreið hefði verið ekið ofan í hitaveituskurð á mótum Höfðatúns og Borgartúns. Héldu lögreglumenn þegar á staðinn. Sáu þeir, hvar jeppabifreiðinni R 5057 hafði verið ekið ofan í umræddan skurð með framendann, en afturendinn var uppi á skurðbakkanum. Kveikjuláslykillinn stóð í kveikjulásnum og auk þess fannst slatti af ákavíti á flösku í bifreiðinni. Guðni Sigurður Einarsson, Laugarnesvegi 54, er tilkynnti lögreglunni um, að bifreiðinni hefði verið ekið ofan í skurðinn, skýrði jafnframt frá því, að hann hefði séð mjög drukkinn mann bröлта upp úr skurðinum frá bifreiðinni og slangra upp Höfðatún. Eigandi bifreiðarinnar var Sverrir Einarsson, ákærði í máli þessu. Gat lögreglan ekki fundið hann og náðist hann ekki til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni fyrr en þann 18. febrúar næstan á eftir, en sú skýrsla glataðist, svo að skýrsla var tekin að nýju 19. febrúar. Lögreglumenn sögðu bifreiðinni R 5057 hafa verið ekið niður Höfðatún að Borgartúni, er hún lenti ofan í skurðinum, sem lá meðfram akbraut Borgartúns að sunnanverðu. Nýja Blikksmiðjan, þar sem ákærði vinnur, liggur við Höfðatún nokkurn spöl frá þeim stað, sem bifreiðin R 5057 lenti ofan í skurðinum.

Vitnið Guðni Sigurður Einarsson verzlunarmaður, Laugarnesvegi 54, hefur skýrt frá því, að það hafi umræddan laugardag verið á leið inn Borgartún á bifreið sinni R 4586. Er vitnið kom

á móts við Höfðatún, kvaðst það hafa séð vörubifreið á vinstri vegarhelmingi, er var fyrir því. Tveir menn, er voru úr vörubifreiðinni, stóðu þarna uppi á moldarbing, er var hægra megin götunnar. Vitnið fór að athuga þetta nánar og varð þá vart við jeppabifreiðina R 5057, er stóð næstum því á endann ofan í skurði. Vitnið ók smávegis áfram og stöðvaði fyrir austan skurðinn. Sá það þá ungan mann, 25—30 ára að aldri, á að gizka, skríða upp úr skurðinum, sem bifreiðin R 5057 hafði farið ofan í. Maðurinn var greinilega mjög drukkinn. Fór hann að undirgangi eða anddyri hornhússins, sem er sunnan götunnar. Maðurinn var klæddur í dökk föt, jafnvel gráleit, frakkalaus og með skíðahúfu. Vitnið leit svo á, að maður þessi hefði verið með bifreiðina R 5057. Fór það því á lögreglustöðina og tilkynnti um atburð þenna. Vitnið sá engan annan mann í skurðinum við bifreiðina R 5057 eða inni í henni. Vitnið vissi ekki skrásetningarmerki á vörubifreiðinni, er að framan greinir, né heldur deili á mönnum þeim, er í henni voru, og fundust þeir ekki. Vitnið kvaðst ekki geta þekkt aftur mann þann, er var við bifreiðina R 5057 í skurðinum. Lögreglan gerði að sögn vitnisins enga leit að manninum.

Er ákærði mætti hjá rannsóknarlögreglunni, var skráma á enni hans, sem hann gat enga ákveðna skýringu gefið á, hvernig hann hefði hlotið.

Ákærði neitaði að gefa skýrslu í máli þessu fyrir dómi. Vísaði hann til skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglunni, er hann kvað vera rétta. Skýrði hann þar frá því, að hann hafi verið staddur heima hjá sér umræddan laugardag um kl. 16.00. Hringdi þá til hans vinnufélagi hans, Jóhannes Sigurðsson, er var að vinna að viðgerð á bifreið í Nýju Blikksmiðjunni. Samkvæmt beiðni nefnds Jóhannesar fór ákærði og útvegaði honum „headpakkningu“ á jeppa. Hélt ákærði á bifreið sinni R 5057 að Nýju Blikksmiðjunni. Ákærði kvaðst hafa átt eina flösku af áfengi og tók hann flöskuna með sér. Ekki hafði hann tekið að neyta af flöskunni, er hann lagði af stað í umrædda ökuferð. Er í Nýju Blikksmiðjuna kom, tók ákærði að neyta áfengis. Ákærði kvaðst svo hafa orðið talsvert ölvaður og ekki muna eftir sér, frá því er hann var búinn að drekka talsvert úr flöskunni og þar til næsta morgun, er hann vaknaði heima hjá sér. Ákærði kvaðst ekki muna, hvernig hann komst heim til sín. Er ákærði vaknaði um morguninn, taldi hann, að bifreið sín væri í Nýju Blikksmiðjunni, en er þangað kom, var hún þar ekki. Síðar frétti ákærði, að lögreglan hefði tekið bifreiðina í sína vörzlu. Ákærði kvaðst hafa ætlað að tilkynna þjófnað á bifreið-

inni. Ákærði kvaðst ekki muna, hvað hafi gerzt umrætt kvöld og því hvorki geta játað né neitað, að hann hafi ekið bifreiðinni. Tók ákærði fram í þessu sambandi, að er hann hefði neytt áfengis að vissu marki, tapaði hann minni. Ákærði kvaðst hafa verið klæddur í grá föt, veri frakkalaus og berhöfðaður. Þó var hann með húfu, er hann kom í Nýju Blikksmiðjuna. Ákærði kvaðst einn hafa lykla að bifreiðinni. Ákærði kvaðst sem fyrr greinir engar upplýsingar geta gefið um það, hvernig hafi á því staðið, að bifreið hans var ekið ofan í skurð við Borgartún. Ákærði taldi, að hann hefði hlotið skrámunar, er voru á enni hans, vegna þess að hann hefði dottið umræddan dag. Ákærði kvað föt sín ekki hafa verið óhreini, er hann vaknaði um morguninn eftir umrætt atvik.

Vitnið Jóhannes Sigurðsson rafvirki, Þvervegi 14, hér í bæ, hefur skýrt frá því, að það hafi umræddan laugardag verið að vinna við viðgerð á jeppabifreið í húsi Nýju Blikksmiðjunnar við Höfðatún. Um kl. 16.00 hringdi vitnið í ákærða og bað hann að útvega sér „headpakningu“. Kom ákærði með hana um kl. 17.00 á bifreiðinni R 5057 og ók henni inn í smiðjuna. Vitnið varð ekki vart við það, að ákærði hefði neytt áfengis, er hann kom á vettvang. Ákærði hafði meðferðis ákavítisflösku og tók að neyta af henni, eftir að á staðinn kom. Drakk ákærði sig mjög ölvaðan. Eftir að ákærði kom á staðinn, hafði bifreið hans verið ekið út úr smiðjunni, en ekki kvaðst vitnið vita, hver hefði gert það. Ákærði hvarf um þetta leyti af staðnum. Kom hann skömmu síðar og hleypti félagi vitnisins, Pétur Jón Árnason, honum þá inn. Gáði Pétur Jón um þetta leyti út og sá, að bifreiðin var ekki á staðnum. Vitnið veitti ákærða ekki sérstaka athygli, er hann kom aftur og kveðst ekkert geta sagt um útlit hans. Ákærði var klæddur í grá föt, frakkalaus og að vitnið minnir með húfu. Er hann kom aftur, var hann húfulaus. Pétur Jón sagði vitninu, að hann hefði beðið ákærða um að skilja eftir lykla bifreiðarinnar, en ákærði ekki viljað það. Vitnið kvað ástæðuna til þess, að Pétur Jón leit út, hafa verið þá, að þeir hafi verið hræddir um, að ákærði hefði farið á bifreiðinni. Vitnið kvaðst ekki vilja fullyrða um það, hvort ákærði hefði ekið bifreiðinni, þar sem það sá það ekki.

Vitnið Pétur Jón Árnason rafvirki, Bjargi á Seltjarnarnesi, hefur skýrt frá því, að það hafi verið að vinna með framangreindum Jóhannesi, er ákærði kom til þeirra að beiðni Jóhannesar, eins og áður er rakið. Vitnið varð ekki vart við það, að ákærði hefði neytt áfengis, en hann hafði ákavítisflösku meðferðis, er hann kom á vettvang. Skömmu eftir að ákærði kom, ók hann jeppanum inn

á verkstæðið. Ákærði tók nú að neyta áfengisflöskunni þarna inni og drakk sig talsvert ölvaðan. Vitnið kvaðst hafa orðið vart við það, að bifreiðinni R 5057 var ekið út af verkstæðinu. Vissi vitnið ekki, hvort ákærði gerði það, en hann fór á brott um þetta leyti og kom um það bil 5—10 mínútum síðar. Var ákærði þá rykugur og skrámaður á enni. Vitnið spurði ákærða, hvað hefði gerzt, en hann svaraði því engu. Eftir að ákærði kom, kvaðst vitnið hafa litið út og séð, að jeppabifreiðin var ekki fyrir utan. Vitnið taldi, að ákærði hefði farið á bifreiðinni, en kvaðst ekkert geta um það fullyrt. Ákærði var á blágráum fötum, frakkalaus, en ekki man vitnið, hvort hann var með húfu. Vitnið kvaðst hafa séð lykla bifreiðarinnar R 5057, eftir að hún var kominn inn á verkstæðið. Voru þeir í bifreiðinni. Vitnið vissi ekki meira, hvað af lyklunum varð.

Ákærði hefur neitað að svara spurningum dómarans varðandi ákæruatriði það, er nú hefur verið rakið, en hjá rannsóknarlög-reglunni borið við minnisleysi sínu varðandi það sakir ölvunar. Þegar þau atriði eru enn fremur virt, að vitnin Jóhannes Sigurðsson og Pétur Jón Árnason bera það, að ákærði hafi horfið á brott um sama leyti og bifreiðinni var ekið á brott, að bifreiðarlyklarnir, er ákærði hefur einn, finnast í kveikjulásnum og sannað þykir, að ákærði hafi verið með þá á verkstæðinu, að vitnið Guðni Sigurður Einarsson sér mann, sem greinilega er drukkin, og sá maður gæti, eftir lýsingu hans að dæma, verið ákærði, og loks það, að ákærði er rykugur og skrámaður á enni, er hann kemur aftur í Nýju Blikksmiðjuna, þá þykir nægilega sannað, að ákærði hafi verið við stjórn bifreiðarinnar R 5057 í umrætt skipti ölvaður, frá Nýju Blikksmiðjunni að skurðinum, er hann ók ofan í á gatnamótum Borgartúns og Höfðatúns, en með því þykir hann hafa sýnt gáleysi í akstri.

Með þessu atferli sínu telst ákærði Sverrir hafa gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengis laga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, svo og við 2. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Ákærði Sverrir hefur þannig unnið til refsingar og sviptingar ökuleyfis.

III.

Refsing ákærða Borgþórs þykir hæfilega ákveðin 2000.00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu

dóms þessa.

Ökuleyfissvipting ákærða þykir hæfilega ákveðin í 1 ár frá 5. febrúar s.l., er hann var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Refsing ákærða Sverris þykir hæfilega ákveðin 15 daga varðhald, með því að um ítrekað brot hans er að ræða.

Samkvæmt því ber samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda þeirra, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 1500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Bergþór Guðmundsson, greiði 2000.00 kr. sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal frá 5. febrúar 1957 sviptur ökuleyfi í 1 ár.

Ákærði Sverrir Einarsson sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda þeirra, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.